

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 15 í stjórn Herjólfss ohf. haldinn fimmtudaginn 14. febrúar 2019, kl. 18:00

Mættir eru: Lúðvík Bergvinsson stjórnarformaður(LB), Grímur Gíslason (GG), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG), Birna Þórsdóttir (BP) og Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins (GEJ).

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir komu fram um boðunina.

Dagskrá fundarins:

1. Staðan á nýsmíði skipsins.

GEJ fer yfir stöðuna á nýsmíði skipsins og upplýsir um prufusiglingar sem hefjast þann 25. febrúar nk.

2. Uppgjör og samningar við Vegagerðina.

LB fer yfir samninga við Vegagerðina sem þarf að ganga frá fyrir afhendingu skipsins. Fundur fyrirhugaður með vegamálastjóra og Vegagerðinni í næstu viku.

3. Bókunarkerfi.

GEJ upplýsir um að félagið muni semja við Vegagerðina um uppfærslu og kaup á Carus bókunarkerfi fyrir félagið.

4. Húsnæðismál.

Húsnæðismál fyrir félagið rædd.

Lögð fram tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að finna framtíðar húsnæði fyrir félagið.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóma

5. Móttaka skipsins.

Rætt um móttöku skipsins. ABI og BP fara yfir hugmyndir og skipulag fyrir móttökuathöfn.

6. Önnur mál.

6.1. Ráðningarmál

GEJ upplýsir að stöðu ráðningarmála, ráðningarsamninga og viðræður við stéttarfélög.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 19:25

Fundargerð ritaði ABI, ritari stjórnar.